

## Andlát



**Magnús Sigurjónsson** lést 4. apríl sl. Hann fæddist á Hólmavík 6. maí 1912. Sonur hjónanna Sigurjóns Sigurðssonar og Sigurbjargar Benediktsdóttur. Magnús lauk úrsmíðanámi 1931 og hélt þá til Þýskalands til framhaldsnáms í iðn sinni. Magnús rak verslun og verkstæði í tæp 30 ár. Eftir að hann hætti verslunarrekstri annaðist hann um árabíl viðgerðir fyrir ýmsa úrsmíði. Magnús var kvæntur Unni Eggertsdóttur, en hún lést árið 1960. Þau hjónin eignuðust tvær dætur. Síðustu 20 árin bjó Magnús með Katrínu Ólafsdóttur. Útför hans verður gerð frá Neskirkju í dag kl. 13.30.



**Jón Ó. Þorsteinsson** er látinn. Hann fæddist 5. september árið 1900 í Haga við Mjóafjörð. Jón giftist Theódóru Mariu Ingimundardóttur, en hún lést fyrir nokkrum árum. Þeim hjónum varð tveggja sona auðið. Útför Jóns verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju í dag kl. 15.



**Guðmundur Þ. Konráðsson** lést 6. apríl sl. Hann fæddist 26. júní 1909 í Reykjavík. Guðmundur stundaði lengst af störf við byggingariðnaðinn í Reykjavík sem járnamaður og verkstjóri. Kona hans var Ásta Jónsdóttir. Varð þeim fjögurra barna auðið. Ásta og Guðmundur slitu samvistum. Útför Guðmundar verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. apríl kl. 10.30.

## ÞAKKIR

Öllum þeim vinum mínum, sem komu og glöddu mig með nærveru sinni, í tilefni af sjötugsafmæli mínu 6. þ.m. þakka ég innilega.

Hins vegar er ég óskureiður þeim sem ekki komu!  
Lífið heill

**Egill Gestsson**



**Margrét Árnadóttir**, Skeggjagötu 21, er látin. Hún fæddist 18. febrúar 1915 í Klöpp í Grindavík, dóttir hjónanna Ingvaldar Þorkelsdóttur og Árna Guðmundssonar. Útför Margrétar verður gerð frá Fossvogskirkju í dag kl. 15.

**Flosi Finnsson**, Faxastíg 7, Vestmannaeyjum, er látinn. **Fríður Guðadóttir** hárgreislukona lést í Landspítalanum þann 13. apríl. **Vigdís Friða Lárusdóttir** andaðist á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund 14. apríl.

**Einar Ágústsson** sendiherra, sem lést í sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn 12. apríl, verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 22. apríl kl. 13.30.

**Þórunn Jóhannesdóttir**, Kleppsvogi 8, sem lést 9. apríl sl., verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju föstudaginn 18. apríl nk. Athöfnin hefst kl. 13.30.

**Kristján Magnússon** byggingameistari, sem lést þann 11. apríl sl., verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 17. apríl kl. 13.30.

Útför **Einars Þorgeirssonar** frá Lambastöðum, Garði, fer fram frá Útskálakirkju fimmtudaginn 17. apríl kl. 14.

**Kort Ármann Ingvarsson**, sem lést 7. apríl sl., verður jarðsunninn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum 19. apríl kl. 14.

**Sigurður Auðunsson** hagræðingarráðunautur, Efra-Hvoli, Mosfellsveit, verður jarðsunninn frá Lágafellskirkju fimmtudaginn 17. apríl kl. 14.

**Valgerður Erlendsdóttir** verður jarðsunninn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 18. apríl kl. 14.

## Tónlist



## Fimmtudagstónleikar

Fimmtudaginn 17. apríl verða sínfónutónleikar í Háskólabíói kl. 20.30. Stjórnandi er Páll P. Pálsson og verður verk eftir hann, „Hundur“ fyrir strengjasveit, fyrst á efnisskránni. Einsöngvari er bandarískur sópran, Ellen Lang, sem hefur mikla og glæsilega rödd og heillandi sviðsframkomu. Hún er ættuð frá Noregi. Hún syngur tvær ariur úr „Brúðkaupi Figarós“ eftir Mozart (Voi che eftir Sibelius. Síðasta verkið á efnisskránni er Sinfónía nr. 5 eftir Sapete og Deh Vieni), Ah perfido eftir Beethoven og nokkur velþekkt sönglög eftir Sibelius. Síðasta verkið á efnisskránni er Sinfónía nr. 5 eftir Sibelius.

## Útvarp

## Sjónvarp

**Rakel Einarsdóttir, 14 ára nemi:**

# Jón Guðafsson frábær

Ég sá í Vargaklóm í gær en ég hef næstum því alltaf fylgst með þeim þætti, þó mér finnst hann ekki neitt æðislega góður. Ég kys mér sem sagt ekkert sérstaklega að horfa á hann, er oft ekki komin heim úr ballett þegar hann byrjar og það er þá allt í lagi. Ég hef vanalega horft á þriðjudagsþættina og þessi er ekki neitt lélegur.

Annað, sem ég sá í sjónvarpinu í gær, var auglýsingar. Sumar eru mjög hressar og gaman að horfa á, ég held jafnvel að auglýsingar geti verið með því besta í sjónvarpinu. En ég horfi aldrei á fréttir og hlusta



ekki heldur á þær í útvarpinu, nema þegar þær eru yfir matarborðinu. Ég veit samt alveg um stríðið núna.

Ég hlusta eitthvað á rás tvö á hverjum degi, eða bara þegar eru skemmtilegir þættir en ég á engan ákveðinn upphaldsþátt.

Í sjónvarpinu finnst mér samt Jón Guðafsson frábær, alveg æðislegur og það er líka gaman að strákunum sem sjá um Poppkornið, ofboðslega flíppað hjá þeim. Annað gott í sjónvarpinu finnst mér til dæmis Hótel og sumar myndir ef þær eru spennandi og með góðan söguþráð.

## Fundir

## Kirkjufélag Digranesprestakalls

heldur fund fimmtudaginn 17. apríl kl. 20.30 í safnaðarheimilinu, Bjarnhólastíg 26. Meðal fundarefnis er upplestur sr. Jóns Kr. Ísfeld, kvikmyndasýning, helgistund, sr. Þorbergur Kristjánsson. Kaffiveitingar. Félagar fjölmennið og takið með ykkur gesti. Nýir félagar velkomnir.

**Aðalfundur Útivistar** verður haldinn að Hótel Esju, 2. hæð, fimmtudaginn 17. apríl kl. 20. Venjuleg aðalfundarstörf. Aðeins skuldlausir félagar fá aðgang. Argjald 1985 má greiða við inngang. Reikningar liggja frammi á skrifst. Lækjarg. 6a., sími/símsvari: 14606. Sjáumst.

## MS félagið

heldur aðalfund fimmtudaginn 17. apríl kl. 20 í Hátúni 12. Venjuleg aðalfundarstörf og fleira. Kaffiveitingar á eftir.

**Aðalfundur Landfræðifélagsins** verður haldinn að Hótel Esju, 2. hæð, fimmtudaginn 17. apríl kl. 20.30. Dagskrá samkvæmt lögum félagsins. Félagar, fjölmennið.

## Tilkynningar

## Kvenmannstölvaður tapaðist

mánudaginn 7. apríl sl. á leiðinni frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti að Vesturbergi 78. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 72608.

## Breiðfirdingafélagið

Vorfagnaður verður haldinn laugardaginn 19. apríl í Domus Medica og hefst hann kl. 21.

## Hallgrímskirkja – starf aldora

Opið hús verður í safnaðarsal kirkjunnar á morgun, fimmtudag, og hefst kl. 14.30. Dagskrá: upplestur, einleikur á pianó, einsöngur og kaffiveitingar.

## Happdrætti Samvinnuskólans

Þann 10. apríl 1986 var dregið í Happdrætti Samvinnuskólans. Upp komu eftirtalin númer: 1177–2871–1764–140–2816–1296–1155–2180–2071–1508–2387–3509–39–339–1986. Upplýsingar í síma 93–5000.

## Fyrirlestur hjá Geðhjálpi

Geðhjálpi heldur fyrirlestur um Svæðameðferð fimmtudaginn 17. apríl nk. Hörður Sigurðsson flytur



## Tónleikar Skagfirsku söngsveitarinnar og söngfélagsins Drangeyjar

Skagfirsku söngsveitin og söngfélagið Drangey hafa starfað af fullum krafti nú í vetur. Kórarnir eru nýkomnir úr vel heppnuðu söngferðalagi til Norðurlands, þar sem sungið var á sæluviku Skagfirðinga. Var sungið föstudaginn 11. apríl á Sauðárkróki fyrir fullu húsi við mjög góðar undirtektir. Laugardaginn 12. apríl var svo sungið í Miðgarði ásamt karlakórnum Heimi og Rökkurkórnum. Næstkomandi laugardag, 19.

apríl, kl. 17 verða kórarnir með tónleika í Langholtskirkju fyrir styrktarfélag og aðra vini og velunnara. Kórarnir flytja lög eftir íslenska og erlenda höfunda, m.a. eru frumflutt lög eftir Sigvalda Kaldalóns og Þorkel Sigurbjörnsson. Lag Þorkels var sérstaklega samið fyrir Skagfirsku söngsveitina, nú í vetur. Stjórnandi kóranna er Björgvin Þ. Valdimarsson, undirleik annast Ólafur Vignir Albertsson og einsöngvarar eru Halla S. Jónasdóttir og Óskar Pétursson. Síðan hyggjast kórarnir ljúka starfsári sínu laugardaginn 26. apríl kl. 15 í Félagsbíói í Keflavík, með tónleikum.

# Maður, líttu þér nær

Í dalkum Dagfara í DV birtist hinn 14. þ.m. óvenju rætin og fúlennskuleg grein og er þá mikið sagt þegar lítið er til þeirra skrifa sem höfundur eða höfundar þessara nafnlausu dálka ástunda.

Tílefnið að þessu sinni er birting ákæruskjals fyrir Erlendi Einarsyni, forstjóra Sambandsins, o.fl. og mynd ljósmyndara DV af lögmanni Erlendar og Erlendi þar sem þeir ganga út úr réttarsalnum, en Erlendi hafði orðið sú óvinna á að bregða skjalamöppu fyrir andlit sér. Gleði þessa nafnlausu niðhöggs yfir málssókninni á hendur forstjóra Sambandsins sérstaklega á sér engin takmörk. Hann smjattar og smjattar og í anda sér maður eiturslefuna leka út um bæði munnvikinn.

Hinn nafnlausu dalkahöfundur dregur samlíkingar og líkir Erlendi við þekktu stórglæpamenn liðins

tíma og dylgjar um að starfsmenn Sambandsins séu glæpamenn með tölu.

Engum manni, sem kominn er til vits og ára, dettur í hug að óskjálfráð viðbrögð E. E. við myndatöku ljósmyndara DV séu runnin af þeirri rót sem hinn nafnlausu dalkahöfundur vill vera láta.

Hitt er ljóst að þessi spor Erlendar Einarssonar í lok glæsilegs starfsferils síns í þágu Sambandsins og samvinnuhreyfingarinnar eru Erlendi þung og láu honum það hver sem vill.

Svívirðingar og dylgjur skálks, sem skýlir sér á bak við nafnleyn, eru í sjálfa sér ekki svara verðar enda lýsir sú iðja, sem þessi blekulla stundar, fyrst og fremst hugarfari og sálarástandi höfundarins sjálfis og á ekkert skylt við það mikilvæga hlutverk blaða og annarra fjölmiðla að miðla staðreynd.

um og halda uppi gagnrýni í þjóðfélaginu.

Í skjóli nafnleynar sendir skúmaskotahöfundur DV frá sér eiturrörvar, skrif sem bera vitni um lágur hvatir. Hann fer huldu höfði. Hann leggur ekki nafn sitt við iðju sína. Hvers vegna? Það skyldi þó ekki vera að hann hafi einhvern snefil af sjálfsvirðingu.

Honum sé það ljóst að skrifaði hann undir nafni, myndi hann eyðileggja eigið mannorð og þess vegna fari hann huldu höfði.

Ég vil ekki gera því skóna að dalkahöfundurinn sé af svipuðum kaliber og Al Capone og hans nótar, ekki einu sinni smáglæpon. Kannski er hann bara maður lítilla sæva og lítilla sanda. En er það furða þó að manni detti í hug í sambandi við þennan huldumann: Maður, líttu þér nær.

Reykjavík, 15.4. 1986  
Jón Finnsson hrl. (5128-3120).